

AUGLÝSING

um staðfestingu reglna um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi reglur Barna- og fjölskyldustofu um vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli 3. mgr. 23. gr. laga, nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Reglurnar, sem eru settar á grundvelli 3. mgr. 23. gr. laga nr. 86/2021, eru birtar sem fylgiskjal I með auglýsingu þessari.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 5. júlí 2023.

F. h. r.
Erna Kristín Blöndal.

Anna Tryggvadóttir.

Fylgiskjal I.

REGLUR

um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer sem hluti af samþættingu eða mögulegri samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna samkvæmt lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Gilda reglurnar hvort sem unnið er með persónuupplýsingar á grundvelli 15. gr. laganna eða V. kafla þeirra.

Reglur þessar ná til þjónustuveitenda, þeirra sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns, tengiliða, málstjóra og annarra sem vinna með persónuupplýsingar á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Um alla vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli laga nr. 86/2021 og þessara reglna gilda jafnframt lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

2. gr.

Orðskýringar.

- Almenn þjónusta í þágu farsældar barns:** Allt skipulagt starf annarra en þjónustuveitenda sem á þátt í að stuðla að farsæld barns, t.d. þjónusta sjálfstætt starfandi sérfræðinga, íþróttá-, lista- og æskulýðsstarf og starfsemi fjálsra félaga- og hagsmunasamtaka.
- Ábyrgðaraðili:** Einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018.
- Barn:** Einstaklingur undir 18 ára aldri sem dvelur á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.
- Farsæld barns:** Aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.
- Farsældarþjónusta:** Öll þjónusta sem mælt er fyrir um í lögum að sé veitt á vegum ríkis eða sveitarfélaga og á þátt í að efla og/eða tryggja farsæld barns. Farsældarþjónusta nær frá grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum og/eða foreldrum til frekari stígskiptrar einstaklings-

- bundinnar þjónustu, m.a. á sviði menntamála, heilbrigðismála, löggæslu, félagsþjónustu og barnaverndar.
6. *Foreldri*: Foreldri og/eða forsjáraðili barns samkvæmt ákvæðum barnalaga. Hugtakið getur einnig átt við barnshafandi einstakling vegna samþættingar þjónustu á meðgöngu. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérлага eftir því sem við á.
 7. *Málstjóri þjónustu í þágu farsældar barns*: Sá sem stýrir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sem hefur þörf fyrir annars eða þriðja stigs þjónustu.
 8. *Persónuupplýsingar*: Persónuupplýsingar eru allar þær upplýsingar sem taldar eru upp í ákvæði 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018, t.d.: Upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.
 9. *Samþætt þjónusta í þágu farsældar barns*: Skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni.
 10. *Tengiliður þjónustu í þágu farsældar barns*: Sá sem styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
 11. *Upplýsingar um aðstæður barns*: Upplýsingar sem gefa vísbendingu um þörf barns fyrir þjónustu eða stuðning og fjalla um barnið sjálft og/eða einstaklinga í nærumhverfi barnsins. Upplýsingar um aðstæður barns geta falið í sér viðkvæmar persónuupplýsingar, svo sem upplýsingar um heilsufar, og upplýsingar sem geta talist viðkvæms eðlis, svo sem upplýsingar um fjölskylduhagi, félagslegan vanda og upplýsingar um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi.
 12. *Viðkvæmar persónuupplýsingar*: Viðkvæmar persónuupplýsingar eru allar þær upplýsingar sem taldar eru upp í ákvæði 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018, t.d.:
 - a. Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun eða aðild að stéttarfélagi.
 - b. Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - c. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
 - d. Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklingsins og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.
 - e. Lífkennaupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, svo sem andlitsmyndir eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.
 13. *Vinnsla persónuupplýsinga*: Vinnsla persónuupplýsinga er öll sú vinnsla sem talin er upp í 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018, t.d. aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging.
 14. *Þjónustuveitandi*: Sá sem veitir farsældarþjónustu, hvort sem hann er hluti af stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélags eða einkaaðili sem veitir slíka þjónustu á vegum ríkis eða sveitarfélags, t.d. á grundvelli þjónustusamnings. Til þjónustuveitenda teljast t.d. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.

15. *Öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga*: Brestur á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólög-
mætrar eyðingar persónuupplýsinga eða þess að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur
verði veittur að þeim í leyfisleysi, sbr. 11. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018.

II. KAFLI

Samráð og leiðbeiningar til foreldra og/eða barns.

3. gr.

Vísendingar um að þörfum barns sé ekki mætt.

Ef þjónustuveitandi eða sá sem veitir almenna þjónustu í þágu farsældar barns tekur eftir og greinir vísendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og að barnið þurfi frekari þjónustu en þegar er veitt skal hann veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu.

4. gr.

Leiðbeiningar vegna beiðni um miðlun gagna.

Leiðbeiningar skulu miða að því að kynna fyrir foreldrum og/eða barni hvað felst í samþættingu þjónustu, að um sé að ræða skipulagða og samfellda þjónustu sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og að þjónustan sé veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni.

Leiðbeiningar til foreldra og/eða barns skulu m.a. innihalda skýringar á þeim hugtökum sem notuð eru við samþættingu, þ.m.t. hvað sé þjónustuveitandi, veitandi almennrar þjónustu í þágu farsældar barns, tengiliður, málstjóri og stigskipt þjónusta.

Leiðbeina skal foreldrum og/eða barni um að val um að þiggja samþættingu sé foreldra og/eða barns og að heimilt sé að þiggja ekki þá þjónustu. Þá skal jafnframt leiðbeina foreldrum og/eða barni að hægt sé að hætta við beiðni sem þegar hefur verið lögð fram.

5. gr.

Í þágu farsældar barns.

Upplýsingum um aðstæður barns skal einungis miðlað sé miðlunin líkleg til að þjóna því markmiði að vera í þágu farsældar barns og sé nauðsynleg fyrir þann tilgang. Leiki vafi á hvort svo sé skal leita ráðlegginga Barna- og fjölskyldustofu.

6. gr.

Beiðni.

Upplýsingum um aðstæður barns skal einungis miðlað liggi fyrir beiðni þess efnis frá foreldrum og/eða barni. Beiðni getur verið á grundvelli 15. gr. laga, nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og/eða á grundvelli V. kafla sömu laga.

7. gr.

Meginreglur um miðlun.

Þegar fyrir liggur beiðni, sbr. 6. gr., skulu þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. 1. gr. reglnanna eingöngu miðla upplýsingum um aðstæður barns falli miðlun að eftirfarandi meginreglum:

1. Ávallt skal gæta þess að miðla einungis upplýsingum um aðstæður barns sem miða að því að ná þeim tilgangi sem er fyrir miðlun. Gæta skal meðalhófs við miðlun upplýsinga og gæta að því grundvallaratriði samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, að ekki sé deilt frekari upplýsingum en nauðsynlegt er hverju sinni.
2. Aðeins skal miðla upplýsingum um aðstæður barns sem eru viðeigandi miðað við tilgang miðlunar. Einungis skal miðla slíkum upplýsingum til þeirra sem þær þurfa til vinnu sinnar í þágu farsældar barns. Þegar einungis viðeigandi upplýsingum er miðlað aðstoðar það móttakanda upplýsinga að meta þær og taka ákvarðanir á grundvelli þeirra.
3. Upplýsingar um aðstæður barns, sem til stendur að miðla, skulu nægja til þess að miðlun þeirra nái áhrifum sínum. Þær skulu vera í fullnægjandi gæðum til að hægt sé að skilja þær og treysta þeim.

4. Einungis skal miðla upplýsingum um aðstæður barns sem eru áreiðanlegar, nákvæmar og að skýr skil séu gerð milli staðreynda og skoðana. Séu upplýsingar gamlar, en skipta máli í sögulegum tilgangi, skal það útskýrt við miðlun þeirra.
5. Upplýsingum um aðstæður barns skal miðla tímanlega svo gætt sé að því að barn fái þá þegar þá þjónustu og vernd sem miðlun upplýsinganna er ætlað að veita.
6. Upplýsingum um aðstæður barns skal einungis miðlað með öruggum máta, sbr. 9. gr. þessara reglna. Hver sá sem miðlar upplýsingum á grundvelli laga nr. 86/2021 skal fylgja reglum þeirra stofnana sem viðkomandi starfar hjá, vinnustaða eða annarra um öryggi við miðlun gagna. Leita skal ráða hjá Barna- og fjölskyldustofu til að skera úr um vafaatriði.
7. Skrásetja skal allar ákvarðanir um aðstæður barns, hvort sem ákvörðun er tekin um að miðla upplýsingum eður ei. Sé ákvörðun tekin um miðlun upplýsinga skal jafnframt skrá niður hvaða upplýsingum er miðlað, með hverjum og hvernig. Sé ákvörðun tekin um að miðla ekki upplýsingum skal skrá ástæður þess.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

8. gr.

Upplýsingaskylda.

Þegar unnið er með persónuupplýsingar á grundvelli lagaheimildar í lögum nr. 86/2021 og samkvæmt beiðni barns og/eða foreldra skal gætt að fræðsluskyldu samkvæmt lögum nr. 90/2018. Sá sem vinnur með persónuupplýsingar skal upplýsa foreldra og/eða barn um þá vinnslu. Upplýsa skal m.a. um: hvaða upplýsingar unnið verður með, af hverju unnið verður með upplýsingarnar, hvaðan upplýsingarnar koma, ef þær koma ekki frá barninu eða foreldrum þess og hvort einhver annar aðili fái að sjá upplýsingarnar, og þá hver og hvers vegna.

9. gr.

Öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

Gera skal viðeigandi öryggisráðstafanir og gæta þess að vinnsla persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, og eftir því sem við á reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Við val á öryggisráðstöfunum skal taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Öryggisráðstafanir skulu tryggja nægilegt öryggi með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Aðgangsstýring að ytra og innra byrði skal ávallt vera til staðar. Stýra skal aðgangi m.a. að hús-næði, skrifstofum eða hirslum sem hefur að geyma gögn, t.d. með úthlutun lykla eða aðgangskorta. Einnig skal stýra aðgangi að þeim rafrænu kerfum þar sem unnið er með persónuupplýsingar.

Þeir skulu einir hafa aðgang að upplýsingum, sem þess þurfa starfa sinna vegna, og einungis þeir sem aðgang þurfa hverju sinni.

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum bilana og óheimils aðgangs að vinnslubúnaði, skal sá sem vinnur persónuupplýsingar á grundvelli laga nr. 86/2021 grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni.

10. gr.

Trúnaðar- og þagnarskylda.

Trúnaðarskylda hvílir á öllum þeim sem undir lög nr. 86/2021 falla og reglur þessar, auk þeirrar þagnarskyldu sem hvílir á viðkomandi starfsmönnum sem koma að samþættingu þjónustu vegna starfs síns.

5. júlí 2023.